

7 ráð um lúsameðferð

1. Skoðaðu alla í fjölskyldunni (kemming) –skoðaðu strax í dag
2. Ef þú finnur lifandi lús skaltu hefja meðhöndlun strax
3. Notaðu ávallt vörur með staðfestri verkun
4. Forðastu vörur sem innihalda ofnæmisvaldandi efni
5. Endurtaktu meðferðina ávallt eftir 7 daga
6. Láttu dagvistunarstofnanir/skóla/skólasel/ félagsmiðstöðvar vita, ef lús er til staðar
7. Skoðaðu reglulega (kemming), það fyrirbyggir að lúsin breiðist út



Kembing höfuðhárs í leit að lús

- Þvoið hárið með venjulegri aðferð, skolið og setjið venjulega hárnæringu sem höfð er áfram í hárinu og hárið haft blautt.
- Greiðið burtu allar flækjur - hárið er enn blautt.
- Skiptið úr greiðu/bursta yfir í lúsakamb og hafið hvítt blað eða spegil undir til að auðveldara sé að sjá hvort lús fellur úr hárinu.
- Dragið kambinn frá hársverði að hárendum og endurtakið þar til farið hefur verið vandlega í gegnum allt höfuðhárið.
- Eftir hverja stroku skal skoða hvort lús hefur komið í kambinn og þurrka úr með bréfpurrku áður en næsta stroka er gerð.
- Nit lúsarinnar, sem líkist flösu í fljótu bragði en er föst við hárið, er oft að finna ofan við eyrun og við hárlínu aftan á hálsi. Nit ein og sér er ekki órækt merki um smit, sérstaklega ekki ef hún er langt frá hársverðinum því þá er orðið of kalt og næðingssamt fyrir eggjið til að klekjast út og lúsin inni í því dauð.
- Eftir kembingu alls hársins skal skola hárnæringuna úr.
- Kemið aftur til að athuga hvort einhver lús hefur orðið eftir.¹

¹ Heimildir: www.landlaeknir.is